

Miðvikudaginn 6. marz 1968.

Nr. 42/1967. **Togaraafgreiðslan h/f**
 (Benedikt Blöndal hrl.)
 gegn
Tómasi Tómassyni og gagnsök
 (Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómgararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds,
 Gizur Bergsteinsson og Legi Einarsson og prófessor Theodór
 B. Líndal.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. marz 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m., krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 11. marz 1967, sbr. 3. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 216.781.35 ásamt 7% ársvöxtum frá 8. júní 1963 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þórir Bergsson tryggingafræðingur hefur hinn 29. febrúar 1968 áætlað af nýju atvinnutjón gagnáfrýjanda miðað við þáverandi kaup verkamanna og 7% ársvexti, og reiknaðist „verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps“ gagnáfrýjanda nema á slysdegi vegna tímabundinnar örorku kr. 107.006.00 og vegna varanlegrar örorku kr. 139.062.00.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 13.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Togaraafgreiðslan h/f, greiði stefnda,

Tómasi Tómassyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 13.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. október 1966.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum flutningi nú í dag. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 4. október 1965 og þingfest daginn eftir. Stefnandi málsins er Tómas Tómasson, Blönduhlíð 28, Reykjavík. Hann stefnir Togaraafgreiðslunni h/f, Reykjavík, og krefst skaðabóta að fjárhæð kr. 214.781.35 auk 7% vaxta p. a. frá 8. júní 1963 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins. Af hálfu hlutafélagsins er aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara lækkunar á kröfu stefnanda og þess, að málskostnaður verði látinn falla niður. Stefnandi hefur stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til réttargæzlu í málinu, og hefur félagið látið sækja þing. Kröfur eru engar uppi hafðar á hendur því, og ekki hefur það gert neinar dómkröfur.

Málavextir eru þessir:

Síðdegis hinn 8. júní 1963 var stefnandi að störfum á vegum Togaraafgreiðslunnar h/f um borð í dönsku flutningaskipi, sem Herluf Trolle nefnist, en verið var að skipa um borð í það skreið-arpökkum. Stefnandi var í lest skipsins ásamt þremur öðrum verkamönnum. Lúgumaður var Gunnar Ólafsson, Skógargerði 5, Reykjavík. Við ferminguna var notaður bryggjukrani, sem Togaraafgreiðslan h/f á (auðkenndur A-6).

Um klukkan 1740 þennan dag slasaðist stefnandi, er hann var á leið upp úr lest skipsins. Svo hagaði til, að fiskur var kominn hátt í lestina, og var um það bil mannhæð upp að lúgunni. Stiginn upp úr lestinni var festur við lúgukarminn aftast, og þurfti að fara um lúguopið til að komast upp. Þvert yfir lúguna lágu fjórir skerstockkar, og voru þeir lausir í falsi. Bilið milli stigans og aftasta skerstockksins mun hafa verið um það bil 45 cm. Í sama bili og stefnandi var að fara upp, var verið að slaka fiskpökkum niður í lestina. Vírinn eða pakkarnir komu við skerstockkana, og skipti þá engum togum, að skerstockkarnir hreyfðust aftur eftir falsinu, sem þeir lágu í, og klemmdist stefnandi milli stigans og aftasta skerstockksins og hlaut af áverka, sem nánar mun lýst verða.

Aðeins er í málinu deilt um eitt atriði varðandi atvik að

slysi þessu, en það er, hvort stefnandi hafi látið lúgumanninn vita um, að hann væri í þann veginn að fara upp úr lestinni.

Njörður Snæhólm lögregluvarðstjóri skýrir svo frá í skýrslu, sem hann ritaði um samtal við stefnanda á Landakotsspítala 13. júní 1963, að stefnandi hefði þá sagt, að hann hefði ekki talið ástæðu til að láta lúgumanninn vita um fyrirætlun sína. Stefnandi gaf síðan skýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur 19. janúar s.l. og skýrði þá svo frá, að hann hefði gert lúgumanninum aðvart, en kveðst ekki geta fullyrt, hvort það var áður en hann fór upp eða í sama mund. Jafnframt kvaðst hann telja, að athyglisgáfa lúgumannsins hefði verið tekin að slævast.

Lúgumaðurinn, Gunnar Ólafsson, sem fæddur er í ágúst 1890, gaf skýrslu á bæjarþingi 1. apríl s.l. Hann sagðist ekki hafa orðið var við neitt merki frá stefnanda um, að hann ætlaði upp úr lestinni, og hefði ekki skipt neinum togum, að hann hefði séð stefnanda að vinnu og síðan orðið slyssins var. Gunnar kvað ekki vera um það fasta reglu, hvort verkamenn gerðu lúgumanni aðvart um fyrirætlunir sínar um að fara upp úr lestum skipa. Þeir þrír verkamenn, sem unnu með stefnanda í lestinni, gáfu allir skýrslur hjá rannsóknarlögreglunni í júní 1963. Fram kemur í skýrslum þessara manna, að enginn þeirra varð var við, að stefnandi gerði aðvart um fyrirætlun sína. Enginn þeirra varð sjónarvottur að því, er stefnandi klemmdist.

Ástæða er til að taka fram um önnur atriði:

Sérstakur útbúnaður virðist hafa verið til að festa skerstockana í falsinn á vissum stöðum, en ekki þar sem þeir voru. Þeir virðast hafa verið látnir vera óhreyfðir, eftir að skipið kom frá Akranesi, en lítið virðist hafa átt að setja í það af fiski í Reykjavík og hafði aðeins verið unnið við það síðdegis á slysdaginn. Lúgumaðurinn skýrir svo frá, að það hafi áður komið fyrir þennan dag, að vír kæmi við skerstockana, en stefnandi kveðst ekki hafa orðið þess var. Ekkert óeðlilegt virðist hafa gerzt, þar til slysið varð. Þegar slysið varð, var verið að koma fyrir þökkum aftast í lestinni. Telur lúgumaður, að einhver sláttur hafi komið á vírinn við það, að hann hafi látið stöðva, um leið og hann sá, að stefnandi var á leið upp úr lestinni.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi séð kranann og bifreiðina, sem flutti fiskpakkana að skipinu, um leið og hann lagði af stað upp úr lestinni. Ekki kveðst hann hafa séð handtök verkamanna á bílpallinum, en hins vegar hafa séð, að pakkarnir, sem næst áttu að fara um borð, voru þá enn á bílnum.

Stefnandi komst af sjálfsdádum upp á þilfar skipsins eftir slysið, en var skömmu síðar fluttur á Landakotsspítala. Í vottorði frá Richard Thors lækni þar á sjúkrahúsinu segir:

„... Er sjúkl. kemur, er hann mjög meðtekinn með greinileg einkenni um innri áverka. Operation er ákveðin strax.

Þegar kviðarholið hefur verið opnað, sést, að þar er dálítið af blóðlituðum vökva.

Á stóru svæði er mjógirni og hengi allmikið marið og alsett smáblæðingum. Á einum stað er um 1 cm. stórt gat á görninni, og lekur út garnarinnihald. Vinstra megin við blöðru er lítið mar, en ekki virðist blaðran sjálf löskuð“.

Fram hefur verið lagt örorkumat frá árinu 1964, sem gert hefur Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir. Þar segir, að stefnandi hafi legið á sjúkrahúsinu til 24. júní 1963 og að hann skýri svo frá, að hann hafi byrjað létta vaktavinnu um áramótin 1963—1964. Í álitsgerð læknisins segir m. a.:

„... Slasaði hefur nokkrum sinnum komið til viðtals hjá undirrituðum, síðast 3/4 1964. Hann kveðst hafa byrjað létta vaktavinnu um áramót, en þessi vinna er stopul. Treystir sér ekki til neinnar erfiðisvinnu, nema þá mjög stuttan tíma í senn.

Núveradi óþægindi: Kvartar um mikla uppþembu, þarf að gæta sín í mat, en þess þurfti hann ekki áður. Fær verkjaköst í kviðinn. Hefur hægðatregðu, síðan slysið varð. Kvartar einnig um almennt þrekleysi og þróttleysi.

Hann kveðst hafa haft mikil óþægindi í baki, er hann kom á fætur eftir slysið, kveðst hafa marizt mikið á baki, er hann fékk skerstockkinn á sig. Var í meðferð hjá Kristjáni Hannessyni í langan tíma og batnaði og hefur ekki óþægindi á baki nú.

Skoðun: Útlit svarar til aldurs.

Kviður: Það er ör eftir kviðarholsskurð frá nafla og niður að symphysu. Örið er vel gróið. Kviðurinn er nokkuð spenntur, en ekki finnanlegar neinar fyrirferðaraukningar. Ekki eru tiltakanleg eymsli.

Ályktun: Hér er um að ræða 65 ára gamlan mann, sem slasast við vinnu sína fyrir tæpu ári, hann marðist illa á kviði, svo að gat kom á görn, og blæðingar urðu í garnir og hengi. Gerð var aðgerð til að loka görninni.

Síðan slysið varð, hefur hann ekki getað tekið upp sitt fyrra starf, en vinnur nú létt starf við vaktavinnu, þegar það fæst.

Sem óþægindi vegna slyssins kvartar hann um óþægindi frá meltingarfærum, en auk þess almennt þróttleysi og slappleika.

Gera verður ráð fyrir, að slysið hafi verið þess eðlis, að það valdi varanlegum óþægindum frá meltingarfærum vegna samvaxta í kviðarholi.

Af þessum sökum verður að meta manninum tímabundna og varanlega örorku, og telst sú örorka hæfilega metin svo:

Í 4 mánuði	100%	örorka
- 2 —	75%	—
- 6 —	50%	—
- 6 —	25%	—
og síðan varanleg örorka 15%“.		

Þórir Bergsson tryggingafræðingur gerði útreikninga varðandi örorkutjón stefnanda, og skýrir hann frá niðurstöðum sínum í bréfi til lögmanns hans, sem dagsett er 26. ágúst 1965. Byggir tryggingafræðingurinn á tekjum stefnanda 1960—1962 samkvæmt skattframtölum frá 1961 til 1963. Þessi framtöl hafa ásamt nokkrum öðrum komið fram í málinu.

Í bréfi Þóris Bergssonar segir m. a.:

„Tekna þessara hefur hann aflað sem hafnarverkamaður, og hef ég því umreiknað þær til kauplags á slysdegi og síðan samkv. breytingum á taxta Dagsbrúnar fyrir hafnarvinnu. Tekið er tillit til þess, að Tómas var frá vinnu um mánaðartíma á árinu 1961 vegna ristarbrots.

Þannig umreiknaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar er einnig sýnt áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að vinnutekjutapið á hverjum síma sé sami hundraðshluti af áætluðum vinnutekjum og örorkan er metin.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnu- tekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 138.632.00	kr. 95.832.00
2. — — —	— 158.881.00	— 31.690.00
3. — — —	— 200.801.00	— 30.120.00
Síðan árlega	— 204.911.00	— 30.737.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku . .	kr. 110.205.00
Vegna varanlegrar örorku . . .	— 153.387.00

Samtals kr. 263.592.00

Frá Tryggingastofnun ríkisins hefur Tómas fengið greidda dagpeninga fyrir tímabilið frá 3. júlí 1963 til 1. janúar 1964 að upphæð kr. 15.744.25 og eingreiðslu kr. 17.451.00, samtals kr. 33.195.25, sem ekki hefur verið dregin frá.

Ekki hefur heldur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 6% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áráanna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkv. sænskri reynslu“.

Stefnandi máls þessa er fæddur 30. marz 1899. Samkvæmt framkomnum skattframtölum voru vinnutekjur hans þessar 1959—1965:

1959	kr. 84.062.00
1960	— 86.378.61
1961	— 85.520.84
1962	— 115.047.69
1963	— 69.567.70
1964	— 131.113.65
1965	— 183.181.00

Það er fram komið, að tekjur sínar á árunum 1964 og 1965 fékk stefnandi að mestu fyrir gæzlustörf í togurum.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að verkstjórum Togaraafgreiðslunnar h/f hafi borið að sjá svo um, að skerstockkar þeir, sem áður eru margefndir, væru bundnir eða læstir í falsinu. Þá hafi lúgumaður eigi fylgzt svo vel með ferðum manna í lestinni sem honum hafi borið og kranamaður bersýnilega ekki sýnt nægilega varkárni, þar sem vír eða fiskpakkarnir sjálfir hafi slegizt í skerstockkana, örstuttu eftir að stefnandi sá þá á bílpalli á bryggjunni. Með þessum röksemdum er því haldið fram, að starfsmenn Togaraafgreiðslunnar h/f eigi sök á slysinu og fyrirtækið sé því bótaskyld samkvæmt reglu íslenzks réttar um húsbóndaábyrgð. Því er mótmælt, að stefnandi sjálfur beri nokkra sök. Hann hafi látið lúgumann vita um þá fyrirætlan sína að fara upp á þilfarið og hann hafi gengið úr skugga um, að ekki væri líklegt, að fiskpakkar kæmu að lestinni, meðan hann væri á leið upp.

Kröfur stefnanda eru byggðar á örorkumati Páls Sigurðssonar og útreikningum Þóris Bergssonar.

Þannig er krafizt:

1. Vegna tímabundinnar örorku	kr. 110.205.00
2. Vegna varanlegrar örorku	— 153.337.00
Þá er og krafizt:	
3. Vegna þjáninga og annars miska	— 60.000.00
4. Vega læknishjálpar o. fl.	— 3.000.00
	<hr/>
	Kr. 326.592.00

Hér frá er dregið:

Frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f	kr. 75.000.00
Frá Tryggingastofnun ríkisins	— 33.195.25
Frá Togaraafgreiðslunni h/f	— 3.615.40
	kr. 111.810.65
	<hr/>
	Kr. 214.781.35

Af hálfu stefnda (Togaraafgreiðslunnar h/f) og réttargæzlu-stefnda (Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f) er því haldið fram, að öll sök á slysinu 8. júní 1963 hafi verið hjá stefnanda sjálfum, þar sem hann hafi af óaðgæzlu farið upp úr lest skipsins, þegar verið var að láta fiskpakka niður í lestina. Hafi hann mátt sjá, hvernig vinnan gekk, og jafnframt hafi hann vitað, hvernig frá skerstokkum var gengið. Því er mótmælt, að stefnandi hafi sagt lúgumanni frá fyrirætlun sinni.

Því er haldið fram, að frá skerstokkum hafi verið gengið, eins og eðlilegt var eftir aðstæðum. Hafi ekki verið unnt að læsa þeim föstum á þeim stað, er þeir voru, og ekki tilefni til að binda þá fasta. Með tilvísun til vitnaframburða er því haldið fram, að kranamaður og lúgumaður hafi unnið verk sitt á óaðfínanlegan hátt.

Því er mótmælt, að unnt sé að leggja örorkumat Páls Sigurðs-soar til grundvallar dómi, þar sem hann hafi eingöngu farið eftir frásögn stefnanda sjálfs um líðan hans, en ekki gengið úr skugga um hana með rakinni rannsókn. Útreikningum Þóris Bergssonar er enn fremur mótmælt. Er það rökstutt á þann veg, að trygg-íngafraeðingurinn áætli stefnanda of mikla yfirvinnu miðað við aldur hans. Þá er minnt á reglur um skattfrelsi bóta því til stuðnings, að rétt sé að lækka kröfur stefnanda um örorkubætur, svo og á það, að hann hafi hag af að fá hugsanlegar bætur greiddar í einu lagi.

Miskabótakröfu stefnanda er mótmælt sem bersýnilega of hárrí. Kröfunni, sem auðkennd er sem nr. 4 í sundurliðun hér að fram-an (kr. 3.000.00), er ekki mótmælt tölulega.

Niðurstaða.

Dómendur eru þeirrar skoðunar, að varðandi sök á slysi því, sem hér er fjallað um, verði að taka mest tillit til þess, að skerstockarnir voru ekki festir. Þetta bar að gera eftir 4. málsgrein 8. greinar reglugerðar nr. 69/1953 um öryggisráðstafanir við fermingu og affermingu skipa. Málsgreinin er þannig:

„Lestaropsbitar, sem látnir eru vera í lestaropi meðan á vinnu stendur, skulu vera læstir, svo þeir geti ekki lyfzt úr skorðum sínum, þó krókur eða vörur sláist upp undir þá“.

Þá er ljóst, að vír eða fiskpakkar slógust í skerstockkana. Vera má, að óvænt ferð stefnanda upp úr lest síksins hafi leitt til viðbragða hjá lúgumanni og kranamanni, sem valdið hafi þessu. Dómendur hljóta þó að líta svo á, að skylt hafi verið að haga störfum þannig, að til þessa kæmi ekki. Ber því að telja, að hér sé nokkur sök á slysinu.

Ósannað er, að stefnandi hafi sagt lúgumanni frá þeirri fyrirætlan sinni að fara upp úr lestinni. Ber því að leggja til grundvallar, að hann hafi ekki gert það. Var þar um gáleysi að ræða, sem telja ber, að leiði til nokkurrar eigin sakar á slysinu. Þá verður og að telja, að stefnanda hafi mátt vera ljóst, hvernig um skerstockkana var búíð, og að honum hafi borið að fylgjast betur með því, hvað lyftingu pakkanna um borð leið. Verður einnig að meta þetta honum til sakar.

Dómendur telja, að með tilliti til nýnefndra atriða beri Togaraafgreiðslunni h/f að bæta stefnanda 70% af tjóni hans.

Ekki hefur þótt ástæða til að leita umsagnar Læknaráðs um mótmæli þau, sem af hálfu stefndu og réttargæzlustefndu hafa verið borin fram gegn örorkumati Páls Sigurðssonar, og ekki hefur verið gerð krafa um, að svo yrði gert. Ekki þykir fram komið, að skoðun læknisins hafi verið ábótavant, og verður örorkumat hans lagt til grundvallar.

Svo sem fyrr greinir, er álitgerð Þóris Bergssonar tryggingafræðings dagsett 26. ágúst 1965. Síðan hefur grunntaxti Verkamafélagsins Dagsbrúnar fyrir hafnarvinnu hækkað einu sinni, þ. e. 26. júní s.l., en að auki hafa orðið hækkanir á kaupum vegna vísitölubreytinga. Í ágúst 1965 var tímakaupið fyrir þessa vinnu kr. 45.02 í dagvinnu, varð kr. 45.56 hinn 1. september 1965 og kr. 46.62 1. desember 1964 (sic). Tímakaupið er nú kr. 52.85 í dagvinnu.

Af álitgerð Þóris Bergssonar verður ekki séð, hverjar hann áætlar vinnutekjur og vinnutekjutap stefnanda á almanaksár-

unum 1963, 1964 og 1965. Virðist ljóst, að tekjur stefnanda samkvæmt skattskýrslum hafi orðið nokkru lægri 1963 en tryggingafræðingurinn áætlað, en aftur á móti hærri 1964 og 1965. Kröfugerð stefndu gefur ekki tilefni til að aflað sé um þetta atriði frekari gagna.

Með tilliti til skattkjara, vaxtafótar, sem tryggingafræðingurinn notar, og með nokkurri hliðsjón af raunverulegum tekjum stefnanda samkvæmt skattskýrslum á árunum 1963 og 1964 þykir tjón hans vegna tímabundinnar örorku hæfilega áætlað kr. 90.000.00. Með tilliti til skattkjara, hagræðis af eingreiðslu, vaxtafótar og með nokkurri hliðsjón af tekjum stefnanda á árinu 1965 og breytinga á kaupum frá því í ágúst 1965 þykir tjón hans vegna varanlegrar örorku hæfilega metið kr. 125.000.00. Örorkutjónið telst þá alls vera kr. 215.000.00.

Frá örorkutjóninu ber að draga bætur þær, sem stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 33.195.25, en þær eru greiddar án tillits til sakar. Af því, sem eftir verður, kr. 181.804.75, ber Togaraafgreiðslunni samkvæmt framanskráðu að bæta stefnanda 70%, eða kr. 127.263.33.

Miski stefnanda þykir hæfilega bættur með kr. 30.000.00, og ber stefndu að greiða 70% af þeirri fjárhæð, eða kr. 21.000.00. Þá ber stefndu og að greiða stefnanda 70% af útlögðum kostnaði (3.000.00), þ. e. kr. 2.100.00.

Samkvæmt framanskráðu ber Togaraafgreiðslunni að greiða stefnanda í skaðabætur kr. 150.363.33. Hlutafélagið hefur þegar greitt stefnanda kr. 3.615.40 og vátryggingafélag það, sem félagið hafði keypt ábyrgðartryggingu hjá, hefur greitt honum kr. 75.000.00. Þessar tvær fjárhæðir ber að draga frá áðurgreindri upphæð, svo að Togaraafgreiðslunni h/f verður með þessum dómi gert að borga stefnanda kr. 71.747.93. Rétt er, að hlutafélagið greiði stefnanda vexti af þessari fjárhæð, 7% p. a. frá 8. júní 1963 til 1. janúar 1965, 6% p. a. frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% p. a. frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 14.000.00.

Dóm þennan kváðu upp Þór Vilhjálmsson borgardómari (dómsformaður), Einar Thoroddsen yfirhafsögumaður og Guðmundur Hjaltason skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Togaraafgreiðslan h/f, greiði stefnanda, Tómasi Tómassyni, kr. 71.747.93 auk 7% vaxta p. a. frá 8. júní 1963

til 1. janúar 1965, 6% vaxta p. a. frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% vaxta p. a. frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 14.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. marz 1968.

Nr. 23/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Sigurjóni Tómasi Heiðari Tómassyni

(Ragnar Jónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og prófessor Þór Vilhjálmsen.

Brot gegn heilbrigðissamþykkt.

Dómur Hæstaréttar.

Ákvæði 41. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík nr. 11/1950 hafa fulla stog í ákvæðum laga nr. 35/1940 um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir. Hefur ákærði með því að hlíta eigi fyrirmælum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, þeim, er í málinu greinir, gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 255. gr. nefndrar heilbrigðissamþykktar og 8. gr. laga nr. 35/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 19/1962.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3.000 króna sekt til borgarsjóðs Reykjavíkur, sem afplánist 2 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði sakadóms um sakarkostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 9.000.00, og málf lutningslaun verjanda sins fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00.